

KIRKJUGARÐARÁÐ

80. fundur haldinn 14. júní 2010 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir formaður, Valtýr Valtýsson, Þórsteinn Ragnarsson, Guðmundur Rafn Sigurðsson formaður Kirkjugarðaráðs, Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins og Kristín Huld Sigurðardóttir sem skrifaði fundargerð. Smári Sigurðsson boðaði forföll.

Gestir fundarins voru: Björn Sveinsson fjármálastjóri Kirkjugarða Reykjavíkur og Björg Sigurðardóttir endurskoðandi Deloitte.

1. Setning fundar og fundargerðir síðustu tveggja funda

Fundur settur kl. 13:15. Fundargerð 78. fundar samþykkt. Beðið með samþykkt 79. fundar til næsta fundar.

2. Framlag ríkisins til kirkjugarða

Ársreikningur 2009. Kynning. Björg Sigurðardóttir endurskoðandi Deloitte. Þórsteinn Ragnarsson útskýrði að í fyrra voru rekstrargjöldin hærri en 2008 vegna uppsöfnunar á duftkerum vegna Sóllands.

Ársreikningur samþykktur vegna útdeilingar. Skýrsla fylgdi um greiðslur til kirkjugarða landsins og Kirkjugarðasjóðs ásamt ársreikningi 2009 frá KGSÍ.

3. Viðmiðunarreglur Kirkjugarðaráðs vegna sérfræðivinnu starfsmanna Kirkjugarðaráðs

Talið var nauðsynlegt að hafa ákveðnar reglur um hvaða verkefni yrðu unnin fyrir kirkjugarðsstjórnir og sóknarnefndir af starfsmönnum Kirkjugarðaráðs. Farið var yfir drög að reglum á fundinum. Framkvæmdastjóra var falið að ganga frá reglum og leggja fyrir fund í september.

4. Drög að verklagsreglum um jarðvegsvinnu í og við friðaða kirkjugarða frá Fornleifavernd ríkisins.

Drög að verklagsreglum um jarðvegsvinnu í og við friðaða kirkjugarða frá Fornleifavernd ríkisins voru lagðar fram til kynningar. Guðmundur Rafn kynnti. Kristín Huld fer yfir reglurnar og verður í sambandi við Guðmund Rafn um lokafrágang reglnana.

5. KGSÍ – Bautasteinn, aðalfundur o. fl.

Þórsteinn Ragnarsson sagði frá aðalfundi KGSÍ. Stjórnarmenn fengu gefins Bautastein.

6. Önnur mál

Engin önnur mál voru á dagskrá.

7. Næsti fundur

Næsti fundur/ferð. Akranes/Borgarnes upp úr miðjum ágúst.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 14:55.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari